



Fundur með formönnum deilda Aftureldingar 17. september 2014 kl. 19.00

Mættir á fundinn:

Óli Valur Steindórsson knattspyrnud. (ÓVS), Inga Lilja Lárusdóttir handboltad. (ILL), Dagný Kristinsdóttir badminton (DK), Sigurður Andrésson körfuknattleiksd.(SA) , Steinunn Anna Haraldsdóttir fimleikadeild (SAH), Guðrún Kristín Einarisdóttir blakdeild (GKE), Sigurður Rúnar Magnússon knattsp. Bur.(SRM), Guðjón Helgason formaður(GH), Geirarður Long aðalstjórn (GL), Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri (IJ) og Ester Sveinbjarnardóttir verkefnastjóri fjármála(ES).

GH formaður setti fundinn. Hann sagði að þetta væri fyrsti formannafundur í langan tíma en aðalstjórnin hafi á síðustu mánuðum haldið deildarfundum með hverri deild fyrir sig sem hefði skilað góðri vinnu sem allir væru ánægðir með.

Formenn samþykktu að halda tvo formannafundi fyrir áramót og tvo eftir og halda áfram með deildarfundina. IJ sagði að það væru alltaf ákveðin mál sem þyrfi að ræða með öllum formönnum eins og t.d. þjálfarasamningar, eineltisstefna og fl. Samþykkt var að hægt væri að boða fleiri fundum ef þess þyrfti.

Uppgjör og afslættir deilda:

Skuldir deilda við aðalstjórn hefur verið í umræðu síðustu ár, en þessar skuldir eiga rætur til ársins 2009. Aðalstjórn hefur tekið ákvörðun um afskriftir til deilda á eldri skuldum um 69% og verður það bókfært á árinu 2014. Einng mun aðalstjórn greiða þeim deildum sem eiga inneign, en líklega kemur endurgreiðslan ekki að fullu inn fyrir en á næsta ári.

Aðalstjórn er búin að greiða afborgun vegna gömlu skuldarinnar til bæjarins vegna 2014 (1.000.000 kr.) og er það þáttur aðalstjórnar í þessari skuld. Endurgreiðsla af skuldum sem eftir stæði yrði skipt á 4 ár og tekið af bæjarstyrk í byrjun árs og skipt milli deilda skv. skuldauppgjöri síðasta árs.

Deildir þurfa að gera ráð fyrir þessum endurgreiðslum inn í fjárhagsáætlun næstu fjögur ár.

ÓVS sagðist vera fyrir knattspyrnudeildina í fjarveru Ingólfs. Hans deild skuldi ekki neitt því þau hefðu greitt niður skuldina á síðasta ári. Deildin skili inn 1.200 mannaústmum í sjálboðastarfi á ári, hann er í Aftureldingu og er ánægður með að það skuli vera hreinsuð út gömul mál sem nýir aðilar innan starfsins skilji ekki hvernig komu til og finnst aðalstjórnin eiga hrós skilið fyrir að ganga frá þessum málum. Gott markmið að hreinsa þetta út og horfa til framtíðar.

GH sagði það aðdáunarvert hvað sumar deildir hafi staðið sig vel í fjármálum í gegnum árin.

GKE sagði að blakdeildin hafi alltaf staðið í skilum frá 1998 og fái ekki umbun fyrir. Hún vill að skrifstofan auki aðhald og fylgist með að deildir fari ekki út fyrir fjárhagsáætlanir og grípi inn í ef fjármálin fari úr böndunum. Deildirnar hafa heimild til að semja við þjálfara en greiðslurnar fara í gegnum aðalstjórn.

Rætt var um að breyta uppgjörsári úr almanaksári í 1.sept til 31. ágúst eins og leiktímabilin eru, slíkar breytingar þarf að samþykkja á aðalfundi félagsins.

SRM er ánægður með að deildirnar hafi eftirlitsaðila þegar verið er að sýsla með peninga foreldra og bæjarfélagsins.

Æfingatöflur.

Ij skýrði frá því að ekki er búið að ganga endanlega frá æfingatöflum vetrarins, enn væri verið að vinna að breytingum. Mikla umræður urðu um æfingatíma félagsins í húsum og völlum sérstaklega Lágafellsskóla þar sem skerðing varð á öllum bestu tímum fyrir börn milli kl. 17.00 og 18.00 nú í haust.

Til að tímatöflurnar séu réttar þarf að fá upplýsingar frá skólum um hvernær nemendur eru lausir á daginn. Þær upplýsingar lágu ekki nógu tímanlega fyrir þar sem valfög voru ekki inni í stundatöflum. Lágafellsskóli er t.d. búinn að lengja skólaviðveru til 14.20 eftir að grunnupplýsingar lágu fyrir í sumar og töflur voru unnar eftir.

Afturelding fékk þannig ekki 8 tíma í Lágafelli sem voru síðasta vetur. Eftir samningaviðræður við bæinn þá fengust aftur 3 tímar. Þessi þróun að minnka aðstöðu á vestari helmingi Mosfellsbæjar veldur því að iðkendum úr þeim hluta fer fækkandi hjá Aftureldingu. Krafa foreldra og forráðamanna á þessu svæði um stofun nýs íþróttafélags til að sinna starfi þar gæti komið upp.

Deildirnar þurfa því að þjálfa marga árganga saman t.d. er blakdeildin með 7 – 11 ára börn saman á æfingu. Yngstu hóparnir verða verst úti hjá hverri deild fyrir sig, en íþróttafjórið er jú líka fyrir yngstu börnin. Spurning hvort ekki þurfi að endurskoða mál þessa aldurshóps, þar sem ekki er íþróttaaðstaða fyrir þetta breiða starf lengur.

Einnig hefur áhrif á tímatöflugerð að framhaldsskólarnir eru lengur á daginn og því ómögulegt að fá þjálfara snemma dags. Svo mörg eru vandamálin við æfingatöflugerð þetta haustið.

Knattspyrnudeildin er mjög óánægð með tímatöflu. Þeir sjálfboðaliðar sem eru að kynna tímatöflur verða fyrir árás forráðamanna. Formenn fara þess á leit við aðalstjórnina að skrifa bréf til að senda út á forráðamenn með upplýsingum um tímatöflu og hvers vegna breytingarnar eru svona miklar á milli ára. Íþróttaiðkun hefur forvarnargildi fyrir börn og unglinga, bæði hvað varðar líkamlegt atferfi og dregur úr líkum á neyslu skaðlegra efna. Kostnaður af hverjum einstaklingi sem fetar ranga braut er gríðarlegur og spurning hvort stuðningur Mosfellsbæjar við einkarekstur sé þegar upp er staðið fjárhagslega hagkvæmur fyrir heildina.

Rætt var um það að frístundarútan kemur ekki í Höfðaberg.

Formenn sögðust vera að gera sitt besta en óhjákvæmilega þyrfti hreyfingin að setja þrýsting á Mosfellsbæ til að bæta úr aðstöðuleysi iðkenda. Samþykkt var að fela aðalstjórn að semja ályktun frá fundinum til Mosfellsbæjar.

Þjálfarasamningar.

Ij kynnti þjálfarasamninga sem nú eru tilbúnir og hafa verið unnir m.a. í samvinnu við UMSK.

Inn í þjálfarasamninga þessa koma ákvæði um að heimilt sé að skoða sakaskrá viðkomandi þjálfara, siðareglur félagsins, vinnureglur úr handbók þjálfara félagsins Framtíðinni, uppsagnarákvæði ofl.

GKE vill að samningurinn verði þýddur á ensku, fyrir enskumælandi þjálfara. ILL segir að handbolti bur hafi gert mjög vandaðan samning fyrir nokkrum árum.

ÓVS sagði að það væri ekki nóg að hafa góða samninga, heldur þyrfti að standa rétt að uppsögn þjálfara. Uppsögnin þarf að vera skrifleg og stöðluð, eins þarf þálfarinn að kvitta fyrir að hafa fengið uppgjör. Áriðandi er að allir starfsmenn skrifi undir heimild til upplýsingasöfnun úr sakarkrá áður en ráðningarsamningur er undirritaður.

Kynningar í skóla og á skjá.

Búið er að setja upp upplýsingaskjái í Varmá og í Lágafelli, IJ sér um að uppfæra skjáina reglulega. IJ hefur þegar farið í tvo skóla og kynnt starf Aftureldingar og leiðbeint forráðamönnum um notkun heimasíðu félagsins, en skráning iðkenda þar nú alfarið fram í gegnum Nora greiðsluferfið.

Formenn þurfa að senda skrifstofunni upplýsingar um þjálfara, e-mail, símanúmer og hvaða flokka þeir eru að þjálfra. Slíkar upplýsingar þurfa að vera til staðar fyrir starfsmenn íþróttamiðstöðvanna.

Rannsóknaverkefni :

Hollustukönnun á neysluvenjum barna og heimila er að fara í framkvæmd í næsta mánuði. Rannsókninni er stjórnað frá HÍ, Anna Sigríður Ólafsdóttir og fleiri sem koma að þessari könnun sem félagið stendur fyrir. Foreldrar fá senda rafræna könnun. Með þátttöku sinni veita foreldrar leyfi til að börn sín taki einnig þátt í könnun þessari. Beðið er um það að þjálfarar aðstoði við það verkefni að leggja könnun fyrir börnin í úrtakinu. Formenn mótmæltu því og vilja að rannsóknaraðilar leggi til mannskap í þetta, því ekki sé tími fyrir slíkt hjá þjálfurum. Þó svo að þeir gætu lagt lið þeim sem að slíkri könnun kæmu.

More Welth.

Framundan er alþjóðleg hreyfivika og hefur IJ biðlað til frjálsíþróttadeildar að standa að verkefninu en er ekki búin að fá svör frá deildinni.

Önnur mál:

ILL hefur áhyggjur af lyftingaraðstöðu niðri í húsinu, þar sem gamli karatesalurinn var. Vill fá að vita hvort svæðið verði hljóðeinangrað. Afturelding hefur í raun ekki mikið að segja um það hvað er í íþróttamannvirkjum Mosfellsbæjar. IJ hafði þær upplýsingar að þeir sem eru á Eldingarlista Afturelding hefði leyfi til að fara inn í salinn hjá Hjalta. ILL hafði líka áhyggjur af breytingum á geymsluaðstöðu deildarinnar.

IJ sagði að það væri vilji til að setja upp tjald í nýja salnum uppi. Þar fengist 6 x 15 m pláss sem hægt væri að nýta í teygjur og styrktarþjálfun en skilyrt yrði að hópur færa þangað með þjálfara sínum ekki einstaklingar.

Uppskeruhátíð verður kynnt fljótlega, dagsetning liggur ekki fyrir.

IJ vill að formenn beiti sér fyrir átaki í umgengni í húsum með þjálfurum sínum. Brögð hafa verið að því að iðkendur og þjálfarar neyti matar í íþróttasölum og leggji þar frá sér rusl meðfram veggjum. Einnig hefur verið kvartað yfir því að börnin fari ekki í sturtur áður en farið er í sundlaugina. Fundarmenn á einu máli að taka þátt í áttakinu með starfsfólki hússins.

Fundi lokið 21.05

Ester Sveinbjarnardóttir. (sign.)